

## Fundargerð

### Aðalfundur FHA haldinn 3. júní 2014, kl. 15:00

Boðaðir voru allir félagsmenn. Skipting verka: Guðmundur Kristján tók að sér að sér fundarstjórn og Vera Kristín ritar fundargerð.

Efni fundarins:

1. Fundargerð síðasta aðalfundar

Síðasta fundargerð var samþykkt samhljóða.

2. Skýrsla stjórnar og umræður um hana

Hjördís formaður fór yfir árið. Kjaramálin, hugsanleg sameining við FH og hin ýmsu trúnaðarmannamál tóku mesta tíma það sem af er árinu. Flest málanna hafa fengið farsælan endi. Haldnir hafa verið 14 stjórnarfundir á árinu og 7 opnir fundir. Hjördís og Ólína fóru á fund í Danmörku um sveigjanleika í starfi og urðu margs fróðari. Varðandi sameininguna við FH er ljóst að ekki um eiginlega sameiningu er að ræða, heldur munum við leggja niður okkar félag og ganga inni þeirra. Tillögur verða lagaðar fram um málið hér undir önnur mál.

Þá var skrifað undir nýjan kjarasamning á árinu og fallið frá verkfalli. Launahækkunarverðir frá 1. ágúst. Þá verður einnig greitt fyrir stjórnunarskyldu, greitt verður fyrir alla fundi fyrir utan deildar- og sviðsfundi. Hver og einn starfsmaður ætti að sjá þetta inni sinni Uglu, þar ætti að koma fram lækking á kennsluskyldu ef starfsmaðurinn er í nefndum og ráðum. Þá ættu greiðslur vegna þessara þátta að sjást á launaseðli 1. júlí næstkomandi. Hver nefnd ætti að gefa 32 tíma og síðan 16 tíma eftir það (eftir að þessir 32 tímar eru fullnýttir). Starfsmenn þurfa að halda utan um fundarsetur sínar og tímafjöldann. Fundargerðir þurfa að vera skráðar og þeim skilað til að sýna fram á virka fundarsetu. Verður greitt fyrir þetta tvisvar á ári, í júní og síðan í desember. Athugið þó að þessir tímar falla inni yfirvinnu og þurfa starfsmenn að gæta að því að fara ekki yfir yfirvinnuþakið.

Ljóst er að það eru of margir akademískir starfsmenn sem mæta hvorki á deildarfundum né sviðsfundi og er það áhyggjuefni. Ef við skilum ekki af okkur rannsóknarstigum fáum við refsingu í formi hærri kennsluskyldu, spurning hvort eitthvað slíkt ætti að taka upp varðandi skyldumætingu á deildar- og sviðsfundi enda eru þessir fundir mikilvægir hlutir af akademísku starfi.

Ársmatið var lagt niður árið 2008 hér en ekki í HÍ. Þar fengu allir 7 stig á ári en ekki hér. Þetta verður leiðrétt hjá okkur alveg aftur til ársins 2007, þannig að það eru 42 stig sem starfsmenn gætu átt rétt. Launin verða leiðrétt frá 1. janúar 2012 og greitt út 1. júlí. En í síðasta lagi ætti þetta að verða greitt 1. september eins og Vinnumatssjóður.



Félag háskólakennara  
á Akureyri

3. Reikningar félagsins

Ása fór yfir og kynnti, reikningar hafa verið samþykktir af skoðunarmönnum.

4. Staðfesting á inntöku nýrra félaga

Samþykktur með fyrirvara um að listinn sé réttur. Listinn gekk á milli fundarmanna.

5. Ákvörðun árgjalds

Núverandi gjald er 0,7%. Samþykkt samhljóða að halda því óbreyttu.

6. Tillögur að lagabreytingum

Engar tillögur að lagabreytingum bárust.

7. Kosningar

Vera Kristín og Guðmundur Engilberts ganga úr stjórn, en þau hafa bæði setið í 2 ár. Þorlákur Axel og Ragnheiður Lilja voru kosin ný inn í stjórn í þeirra stað. Varamenn voru Þóra Rósa og Fjóla Björk og nú voru kosnir til eins árs Pia og Hreiðar varamenn. Hjördís var kosin áfram formaður. Samningarnefndina munu þau Hjördís, Guðmundur Kristján og Ólína skipa og einnig líka samstarfsnefnd. Skoðunarmenn ársreikninga voru kosnir áfram Stefán Jóhanns og Stefán Sigurðsson áfram.

Þá vantar einhverja til að bjóða sig fram í að vera trúnaðarmenn. Daníel Jónsson gaf kost á sér fyrir aðalbygginguna. Stjórn vinnur að því að kjósa nýjan trúnaðarmann fyrir Borgir.

8. Önnur mál:

a. Sameining við FH

Við getum ekki séð en að samkvæmt lögum FH þá þurfi þeir að byrja á því að breyta þeim en á nýafstaðnum aðalfundi þeirra voru lagabreytingar en þetta var ekki ein af þeim. Núverandi stjórn telur að okkar hag sé betur borgið innan Fhá næsta starfsárið. Lagt er til að við semjum ein næsta vetur og eftir það að athuga málið betur með hugsanlega sameiningu í huga. Fundur samþykkir tillögu stjórnar samhljóða.

b. Námssjóður

Námssjóði verði breytt þannig að hægt verði að sækja um í hann einnig til að greiða fyrir ráðstefnugjöld sem og námskeið eins og áður hefur verið. Upphæðin verði þá lækkuð úr 55 þúsund í 40 þúsund fram að áramótum og endurskoðað þá. Miklar umræður fóru í gang og settar fram 3 tillögur til viðbótar:

- i. Tillaga um að hafa upphæðina áfram 55 þúsund og opnað verði á ráðstefnugjöldin. Þessi tillaga var felld með 6 atkvæðum, gegn 5. 3 sátu hjá.
- ii. Tillaga tvö um að námssjóður yrði óbreyttur þar til í haust og þá endurskoðað. Þessi tillaga var felld með 6 atkvæðum gegn 5, þrír sátu hjá.
- iii. Tillaga þrjú var tillaga stjórnar um að lækka fjárhæðina í 40 þúsund og ráðstefnugjöld tekin inni. Tillaga samþykkt með 8 atkvæðum gegn 4.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 16:15

Vera Kristín Kristjánsdóttir, fundarritari.